

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

23. febrúar 2005

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Frumvarp til laga um breytingu á lögum 38/1990,
Um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
Mál nr. 362.

LS lítur á frumvarpið sem eins konar tiltektarfrumvarp og því ágætt tækifæri að koma á framfæri nokkrum viðbótum sem félagið telur brýnt að verði fest í lög.

Í fyrri hluta umsagnarinnar eru tilgreind atriði, ásamt greinargerð, sem félagið leggur áherslu á að verði breytt og í þeim síðari er veitt umsögn um frumvarpið sjálft.

Fyrri hluti - viðbætur LS skyggðar meðgulu, ákvæði falli brott ~~yfirstríkað~~

3. gr.

LS leggur til að breyting verði gerð á 3. málsl. 1. mgr. þar sem tiltekið er hvaða afli skuli ekki reiknast til heildarafla.

„Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar“, afli til línuúvilnunar, afli báta sem stunda veiðar með dagatakörkunum, afli við tómsundaveiðar, afli sem fæst á sjóstangveiðimótum, afli til áframeldis í þorski, afli vegna heimildar sem gefin er til veiða umfram aflamark í 10. gr., svokallaður „Hafróafli“, undirmál, afli erlendra skipa, umframafli sem eingöngu er sektað fyrir í lok fiskveiðiárs, landburður sjómanna og meðafli við flottrollsveiðar, „reiknast ekki til heildarafla.“

Greinargerð

LS telur afar brýnt að auka sátt um fiskveiðistjórnunina. Hér eru tilgreind 12 atriði þar af 2 sem ófriður hefur ríkt um, línuúvilnun og meðafli við flottrollsveiðar. Með því að fallast á tillögur LS ættu deilendur að geta náð sáttum, aflinn yrði ekki dreginn frá neinum. Þá er einnig til að taka að fiskifræðingar hafa lýst því yfir, að meiri árangri megi ná við uppbyggingu fiskistofna með því að auka vægi umhverfisvænna veiðarfæra. Lína og handfæri uppfylla þau skilyrði að vera umhverfisvænni en önnur veiðarfæri sem notuð eru við veiðar á Íslandsmiðum. Með skírskotun til þessa er ekki ástæða til að meta að jöfnu veiðar með línu og handfærum og akveiðarfærum. Flottrollsveiðar á uppsjávarfiski eru gríðarlega umdeildar. Við kolmunnaveiðar hefur þess gætt að meðafli hefur þótt fara nokkuð umfram það sem góðu hófi gegnir. Á sl. ári var þorskur sem meðafli við kolmunnaveiðar a.m.k. 1.090 tonn. Að mati sjómanna er ógjörningur að flokka þennan afla frá, þá segja þeir einnig að verði það hægt, muni hann einungis verða sem hráefni til mjölvinnslu. Reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir meðaflann. Helst er litið til skilja sem mundu flokka hann frá. LS telur að ekki eigi að eltast

við þennan meðafla með því að draga hann frá heildarafla sem einsýnt er að eigi að gera samkvæmt gildandi lagatexta.

6. gr. b.

Varðar lokamálslið greinarinnar. Krókaafلامark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu-, handfæra- og gildruveiðar.

Greinargerð

Nokkuð hefur verið um fyrirspurnir um að reyna fyrir sér með gildruveiðar. Sjávarútvegsráðuneytið hefur hins vegar litið svo á að ekki sé heimilt að nýta krókaafلامark með öðrum veiðarfærum en línu- og handfærum. LS telur brýnt að úr þessu verði bætt og bátunum heimilt að nota gildirur við veiðar og nýtingu krókaafلامarks. Það skal tekið fram að lengst af var ákvæði þessa efnis í lögnum, en með tilkomu krókaafلامarks var heimild ráðherra afnumin.

7. gr.

Varðar þá þrjú töluliði sem í greininni eru. LS telur með skírskotun til tillagna í 3. gr. að töluliðir 1 og 2 falli brott. Vísað er til greinargerðar í 3. gr.

10. gr.

A. Varðar lokamálsgreinina. „Við línuveiðar dagróðrabátum sem beita línu í landi þar sem ekki er notuð beitningavél má landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því hann heldur til veiða úr höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. Línuviltun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náað teknu tilliti til þorskafli sem ekki hefur náðst á liðnum tímabilum. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuviltunar og jafnframt ákveðið að ýsu og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Greinargerð

Allar götur frá því LS óskaði eftir að línuviltun væri komið á var ekki gerður greinarmunur á því hvort beitt væri í landi eða stokkað upp. LS ítrekar fyrri kröfur í þessu máli og minnir á að í umræðum í aðdraganda alþingiskosninga 2003 var aldrei skilið á milli þessa aðferða við veiðar.

LS óskar eftir að afnumið verði það skilyrði fyrir línuviltun að landa verði í sömu höfn og línan var tekin um borð. Við framkvæmd hefur komið í ljós að ákvæðið veldur vandræðum, þannig er ekki alls staðar tekið á móti fiski þar sem útgerðaraðstaða viðkomandi er. Einnig geta válynd veður valdið því að löndun er illviðráðanleg á þeim stað sem línan er tekin um borð.

LS þykir eðlilegt að skýrt sé kveðið á um að ónýtt þorskheimild á einstöku tímabili bætist við næsta tímabil og svo koll af kolli.

LS telur ekki ástæðu til að ýsa og steinbítur lúti sömu lögmálum og þorskur, enda er í lögnum fordæmi fyrir því. Má þar benda á reglur um millifærslur.

B. Við gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo: Karfi, keila og langa reiknast ekki til aflamarks sé samanlagður afli þeirra innan við 20% af heildarafla veiðiferðar.

Greinargerð

Frá því þessar tegundir voru kvótasettar hefur útgerðum krókaafلامarksbáta reynst mjög erfitt að fá færðar til sín heimildir í þeim. Einkum er hér um að ræða keilu og löngu.

Síðari hluti – umsögn um frumvarpið – mál nr. 362

1. gr.

Í kjölfar 1. áfangaskýrslu nefndar sem gerir úttekt á starfsumhverfi sjávarútvegsins telur LS að: „Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn“ falli brott.

2. – 8. gr.

Engar athugasemdir


9. gr.

20. aðalfundur LS sem haldinn var 14. og 15. október sl. fjallaði um efni þessarar greinar. Fundurinn samþykkti að óska eftir tilfærslu um 1 mánuð. LS leggur til að í stað 15. september komi 1. október.

10. – 11. gr.

Engar athugasemdir

Virðingarfyllst,



Örn Pálsson framkvæmdastjóri